

Útskrift við Fjölbrautaskóla Snæfellinga 16. desember 2022

Kæru útskriftarnemar, skólameistari og aðrir góðir gestir. Til hamingju með daginn. Ég heiti Ísak Hilmarsson og er úr Stykkishólmi. Í dag er góður dagur til að staldra aðeins við og horfa aftur til síðustu missera og þeirra verkefna sem þið hafið klárað til að ná þeim áfanga að útskrifast hér í dag. Eins og við vitum öll hafa síðustu ár verið krefjandi. Það var enginn undirbúinn fyrir það að byrja í framhaldsskóla en vera að mestu heima útaf Covid.

Ég er fyrrum nemandi við FSN og í dag eru komin 15 ár síðan ég útskrifaðist héðan. Ég var meðal fyrstu nemendanna sem hófu nám við skólann. Á þeim tíma hefur margt breyst í skólanum. Þegar við byrjuðum var bara búið að taka hluta af húsnæði skólans í notkun. Síðan voru fleiri hlutar húsnæðisins teknir í notkun eftir því sem leið á skólaárið. Í upphafi var mötuneytið okkar á Krákunni eða Kaffi 59.

Í FSN lærði ég margt. Ég lærði ekki bara uppúr bókum heldur lærði ég að vinna með öðrum nemendum í hópi. Það er mjög dýrmætur lærdómur inn í lífið. Í dag í heimi sem er að miklu leyti stafrænn og samskipti hröð nýtist það manni sérstaklega vel. Það er gott þegar unnið er með fólki sem er oft dreift um landið eða jafnvel heiminn. FSN kenndi mér m.a. að vinna í opnum rýmum með allskonar fólki með mismunandi bakgrunn. Ég lærði hefðbundin fög í bland við önnur óhefðbundnari. Ég tók til dæmis áfanga í latínu, spilaði bridds á mánudagsmorgnum í heila önn sem hluta af vali og síðan fór ég í náms- og skemmtiferðir til bæði Rómar og Þýskalands. Ég tók líka áfanga í líffræði þar sem verkefni voru beintengd við umhverfið okkar á Nesinu.

Á þessum tíma kynntist ég mikið af fólki af öllu Snæfellsnesi og fyrir það er ég þakklátur.

Eins og þið gerið núna þá útskrifaðist ég um jól og eftir útskriftina fór ég til Suður-Afríku í tæpa fjóra mánuði og vann þar við sjálfbóðaliðastörf auk þess að ferðast um. Það opnaði huga minn mikið og ég mæli hiklaust með því að fólk skoði heiminn og geri eitthvað öðruvísi eftir útskrift ef kostur er á.

Haustið 2008 fór ég síðan í stærðfræði í Háskólanum í Reykjavík. Ég get ekki sagt annað en að FSN hafi undirbúið mig vel fyrir það nám og því má sérstaklega þakka allri hópavinnunni og samstarfi nemenda í skólanum.

Í dag vinn ég sem forstöðumaður í hugbúnaðarfyrirtæki sem býr til hugbúnaðarlausnir fyrir fjármálamarkaðinn. Við erum með 80 manns í vinnu á Íslandi auk þess að vera með starfsstöðvar í Hollandi og Portúgal. Ég segi fólki stoltur frá því hvaðan ég kem og í hvaða fjölbrautaskóla ég gekk í.

Á þessum 15 árum sem liðin eru hefur FSN fest sig í sessi sem fyrsta val ungs fólks sem ætlar að hefja nám á framhaldsskólastigi á Snæfellsnesi sem og á sunnanverðum Vestfjörðum. Það er geggjað og gerist vegna þess að skólinn og fólkinn sem myndar skólann, þ.e.a.s. nemendur og

kennarar hafa gert skólann að því sem hann er í dag. Það er nauðsynlegt að við hjálpumst að við að halda uppi þeim gæðum sem við viljum að FSN standi fyrir. Kennararnir þurfa að leggja fyrir krefjandi og spennandi verkefni fyrir nemendurna og nemendurnir verða að spyrja spurninga og rýna til gagns það sem kennarar og skólastjórnendur leggja fyrir. Þannig höldum við öllum á tánum og gerum góðan stað enn betri. Þetta er eins og með samfélagið í heild sinni hjá okkur á Nesinu, saman gerum við það að betri stað til að vera á og FSN er mikilvægur liður í því.

Kæru útskriftarnemendur, oft er talað um að framhaldsskólaárin séu bestu ár ævi okkar enda erum við að mynda tengsl og vinskap sem jafnvel endist út ævina. Það er samt gott að hafa það viðhorf til lífsins að reyna að sjá hvert tímabil sem það besta í lífinu. Munið að lífið þarf ekki að vera fullkomið til að vera frábært.

Gangi ykkur sem allra best í þeim verkefnum sem þið takið ykkur fyrir hendur. Hvort sem það er í áframhaldandi námi eða á vinnumarkaði. Takið ykkar pláss og verið óhrædd við að segja já við spennandi verkefnum. FSN hefur undirbúið ykkur vel fyrir það sem framundan er. Nú er það í ykkar höndum að nota það sem ykkur hefur verið kennt.

Förum héðan út í dag með þakklæti í huga og verum tilbúin fyrir áframhaldandi bestu ár ævi okkar.

Takk fyrir mig og áfram FSN.